

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - september 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 19,6 milljarða króna samanborið við 6,9 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Þessi breyting var að mestu séð fyrir í áætlun ársins og var handbært fé aðeins 2,6 milljörðum króna lægra en gert var ráð fyrir, sem alfarið má rekja til minni tekna af sölu eigna en áætlað var. Að því frátöldu hefði staðan verið um milljarði betri en áætlað var. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 6,7 milljarða króna í stað 1,8 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands í júní sl., en innstreymi vegna hlutafjár sölu nam um 5 milljörðum króna. Auk þess hækka innheimtar afborganir um 3 milljarða frá sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 168 milljörðum króna og hækka um 9,8 milljarða frá fyrra ári, eða um rúmlega 6%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 3,9%. Þessi munur skýrist alfarið af auknum tekjum af sölu eigna. Þar sem almennar verðbreytingar námu um 6% á þessu tímabili svarar þetta til 2% samdráttar að raungildi frá fyrra ári. Skattar á tekjur og hagnað fyrirtækja og einstaklinga skiluðu 3% meiri tekjum en í fyrra á meðan tryggingargjald skilaði 9½% meiri tekjum, sem fyrst og fremst endurspeglar almennar launahækkanir. Þannig hækkaði launavísitalan á þessu tímabili um rúmlega 7½%. Innheimta veltuskatta jókst um 4% frá fyrra ári sem jafngildir 2% samdrætti að raungildi. Tekjur af virðisaukaskatti jukust þó meira, eða um rúmlega 6%. Þetta er í fyrsta sinn sem tekjur af virðisaukaskatti hækka að raungildi frá því í ársbyrjun 2001.

Greidd gjöld nema 184,3 milljörðum króna og hækka um 19,2 milljarða frá fyrra ári, eða um 11,6%. Miðað við fjárheimildir ársins eru gjöldin hins vegar 4,7 milljörðum umfram það sem ætlað var, eða 2,6%. Útgjöld til félagsmála (þ.m.t. almannatryggingar, fræðslu- og heilbrigðismál) eru 112,6 milljarðar, en þau vege 61% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, sem nema 46,3 milljörðum króna og hækka um 6,4 milljarða króna frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almannatrygginga um 35,9 milljörðum og hækka um 3,6 milljarða króna. Greiðslur til atvinnumála eru 27,3 milljarðar og hækka um 1 milljarð frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur hækka um 1,1 milljarð króna, eða sem nemur um 7% milli ára.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september (Í milljónum króna)

| | <u>1998</u> | <u>1999</u> | <u>2000</u> | <u>2001</u> | <u>2002</u> |
|---------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Innheimtar tekjur..... | 115.787 | 135.143 | 148.440 | 158.216 | 168.001 |
| - Sala eigna..... | -648 | -389 | -38 | 3 | -3.252 |
| Greidd gjöld..... | 118.055 | 127.006 | 143.572 | 165.121 | 184.347 |
| Handbært fé frá rekstri..... | -2.915 | 7.751 | 4.830 | -6.906 | -19.598 |
| Fjármunahreyfingar..... | 2.519 | 1.016 | 748 | -1.823 | 6.750 |
| Hreinn lánsfjárfnuður..... | -396 | 8.767 | 5.577 | -8.731 | -12.850 |
| Afborganir lána..... | -21.118 | -18.846 | -28.766 | -22.214 | -22.697 |
| Innanlands..... | -11.306 | -9.138 | -15.232 | -7.410 | -10.597 |
| Erlendis..... | -9.812 | -9.708 | -13.534 | -14.804 | -12.100 |
| Greiðslur til LSR og LH..... | 0 | -1.584 | -4.500 | -10.625 | -6.750 |
| Lánsfjárfnuður. brúttó..... | -21.513 | -11.663 | -27.686 | -41.571 | -42.297 |
| Lántökur..... | 19.670 | 8.122 | 21.441 | 36.668 | 50.237 |
| Innanlands..... | 20.862 | -1.234 | 2.965 | 11.841 | 14.626 |
| Erlendis..... | -1.192 | 9.356 | 18.476 | 24.827 | 35.611 |
| Greiðsluafkoma ríkissjóðs..... | -1.844 | -3.540 | -6.247 | -4.900 | 7.940 |

Lántökur ríkissjóðs námu 50,2 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar af nema erlend langtímalán 34,4 milljörðum króna en þau voru tekin til endurfjármögnunar erlendra lána og til þess að mæta tímabundinni greiðslufjárbörf ríkissjóðs innan ársins. Lántökur innanlands námu 14,6 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 22,7 milljarðar króna. Þá voru 6,8 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs er nú jákvæð um 7,9 milljarða króna, samanborið við 4,9 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september (Í milljónum króna)

| | Breyting frá fyrra ári. % | | | | | | |
|--|---------------------------|----------------|----------------|-------------|-------------|-------------|--------------|
| | <u>2000</u> | <u>2001</u> | <u>2002</u> | <u>1999</u> | <u>2000</u> | <u>2001</u> | <u>2002</u> |
| Skatttekjur í heild..... | 137.789 | 146.773 | 152.471 | 17,2 | 10,4 | 6,5 | 3,9 |
| Skattar á tekjur og hagnað..... | 39.287 | 47.621 | 49.036 | 20,4 | 17,9 | 21,2 | 3,0 |
| Tekjuskattur einstaklinga..... | 29.836 | 34.896 | 38.239 | 17,7 | 14,1 | 17,0 | 9,6 |
| Tekjuskattur lögaðila..... | 5.347 | 7.295 | 4.428 | 38,7 | 17,7 | 36,4 | -39,3 |
| Skattur á fjármagnstekjur..... | 4.104 | 5.430 | 6.369 | 20,3 | 56,9 | 32,3 | 17,3 |
| Tryggingagjöld..... | 14.011 | 15.508 | 16.961 | 8,6 | 8,5 | 10,7 | 9,4 |
| Eignarskattar..... | 6.825 | 7.499 | 7.337 | 5,9 | 17,0 | 9,9 | -2,2 |
| Skattar á vöru og þjónustu..... | 77.305 | 75.717 | 78.801 | 18,5 | 6,8 | -2,1 | 4,1 |
| Virðisaukaskattur..... | 48.533 | 48.105 | 51.123 | 20,8 | 9,8 | -0,9 | 6,3 |
| Aðrir óbeinir skattar..... | 28.773 | 27.612 | 27.673 | 15,0 | 2,0 | -4,0 | 0,2 |
| Þar af: | | | | | | | |
| Vörugjöld af ökutækjum..... | 4.068 | 2.347 | 2.177 | 29,5 | -11,2 | -42,3 | -7,2 |
| Vörugjöld af bensíni..... | 5.876 | 5.671 | 5.591 | 5,9 | 6,0 | -3,5 | -1,4 |
| Þungaskattur..... | 3.491 | 3.771 | 3.653 | 17,4 | 16,3 | 8,0 | -3,1 |
| Áfengisgjald og hagn. ÁTVR..... | 6.430 | 6.309 | 6.375 | 8,0 | 3,8 | -1,9 | 1,0 |
| Annað..... | 8.908 | 9.514 | 9.877 | 19,0 | 0,3 | 6,8 | 3,8 |
| Aðrir skattar..... | 361 | 428 | 328 | 46,3 | 16,1 | 18,6 | -23,4 |
| Aðrar tekjur..... | 10.652 | 11.446 | 15.537 | 10,5 | 3,1 | 7,5 | 35,7 |
| Tekjur alls..... | 148.440 | 158.216 | 168.001 | 16,7 | 9,8 | 6,6 | 6,2 |

Gjöld ríkissjóðs janúar-september (Í milljónum króna)

| | Breyting frá fyrra ári. % | | | | | | |
|---------------------------------------|---------------------------|----------------|----------------|--------------|-------------|-------------|-------------|
| | <u>2000</u> | <u>2001</u> | <u>2002</u> | <u>1999</u> | <u>2000</u> | <u>2001</u> | <u>2002</u> |
| Almenn mál..... | 15.936 | 16.603 | 20.057 | 13,0 | 13,7 | 4,2 | 20,8 |
| Almenn opinber mál..... | 8.912 | 9.477 | 11.355 | 15,6 | 12,4 | 6,3 | 19,8 |
| Löggæsla og öryggismál..... | 7.026 | 7.130 | 8.702 | 9,8 | 15,4 | 1,5 | 22,0 |
| Félagsmál..... | 86.548 | 99.209 | 112.582 | 8,3 | 9,1 | 14,6 | 13,5 |
| Þar af: Fræðslu- og menningarmál..... | 18.561 | 21.194 | 23.830 | 10,2 | 9,8 | 14,2 | 12,4 |
| Heilbrigðismál..... | 36.353 | 39.926 | 46.290 | 11,7 | 12,4 | 9,8 | 15,9 |
| Almannatryggingamál..... | 26.576 | 32.327 | 35.916 | 2,9 | 3,5 | 21,6 | 11,1 |
| Atvinnumál..... | 22.120 | 26.277 | 27.267 | 8,8 | 6,0 | 18,8 | 3,8 |
| Þar af: Landbúnaðarmál..... | 6.530 | 8.062 | 8.210 | 6,4 | 1,4 | 23,5 | 1,8 |
| Samgöngumál..... | 9.948 | 11.729 | 12.315 | 9,7 | 8,0 | 17,9 | 5,0 |
| Vaxtagreiðslur..... | 13.872 | 15.294 | 16.403 | -14,0 | 54,3 | 10,3 | 7,3 |
| Aðrar greiðslur..... | 5.091 | 7.737 | 8.035 | 37,1 | 33,8 | 52,0 | 3,9 |
| Greiðslur alls..... | 143.573 | 165.121 | 184.347 | 7,6 | 13,0 | 15,0 | 11,6 |